

ATVINNUSKAPANDI NEMENDAVERKEFNI Á SUÐURLANDI



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Atvinnuskapandi nemendaverkefni er hluti af Sóknaráætlun Suðurlands

Atvinnuskapandi nemendaverkefnum á Suðurlandi er ætlað að hvetja til samstarfs milli nemenda og fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Suðurlandi. Nemendur vinna raunhæf lokaverkefni*, með það að markmiði að vinnan leiði til atvinnu-og/eða nýsköpunar í landshlutanum. Nemendur geta sótt um styrk allt að 300.000 kr.* til að vinna að verkefnum. Fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og nemendur geta lagt til verkefni.



FYRIR HVERJA?

- Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta lagt til verkefnatillögur að nemendaverkefnum.
- Nemendur geta sótt um styrk til að vinna að verkefnum og fengið aðstoð við að finna samstarfsaðila.



ERTU Í FORSVARI FYRIR FYRIRTÆKI, STOFNUN EÐA SVEITARFÉLAG?

- Viltu leggja til hugmynd að nemendaverkefni?
- Komdu hugmyndinni á framfæri í gegnum tillöguform á heimasíðu SASS eða settu þig í samband við ráðgjafa.



ERTU NEMANDI Í LEIT AÐ VERKEFNA-HUGMYND FYRIR LOKAVERKEFNI?

- Skoðaðu verkefnatillögur á vef SASS og sæktu um. Ráðgjafar SASS koma þér í samband við viðkomandi aðila og umsókn þín um styrk verður metin.



ERTU NEMANDI MEÐ HUGMYND AÐ LOKAVERKEFNI SEM SNÝR AÐ ATVINNU-ÞRÓUN EÐA NÝSKÖPUN Á SUÐURLANDI?

- Settu þig í samband við ráðgjafa SASS sem munu aðstoða þig við að komast í samband við samstarfsaðila. Ef samstarfsaðili finnst getur nemandi sótt um styrk til að vinna að verkefni.

MARKMIÐ ATVINNUSKAPANDI NEMENDAVERKEFNA ER AÐ:

- Auka vægi nemendaverkefna er lúta að atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi.
- Auka samvinnu og tengingu nemenda við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi.
- Verkefnin leiði til atvinnuuppbyggingar, aukinnar framlegðar, bættrar þjónustu eða útvíkkunar á starfsemi eða þjónustu á Suðurlandi.
- Nemendur kynnist starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana á Suðurlandi.
- Nemendum gefist frekari tækifæri til að ráðast til vinnu að lokinni útskrift á Suðurlandi.
- Til verði verkfæri fyrir hagsmunaaðila á Suðurlandi til að koma hugmyndum af stað með aðstoð nemenda.





VIÐ MAT Á UMSÓKNUM FRÁ NEMENDUM ER HORFT TIL EFTIRFARANDI MATSPÁTTA:

- Hversu mikla sunnlenka tengingu/áhrif verkefnið hefur.
- Hvernig verður samvinna milli nemanda og fyrirtækis háttað.
- Hversu líklegt er að verkefnið leiði af sér atvinnu- og/eða nýsköpun.

Enginn umsóknarfrestur. Styrkumsóknir eru metnar jafnóðum og þær berast í gegnum umsóknarform á heimasíðu SASS.




HAFÐU SAMBAND

Nánari upplýsingar veita ráðgjafar á vegum SASS.

Upplýsingar um ráðgjafa og verkefnið er að finna á heimasíðu SASS eða með fyrirspurn á netfangið styrkir@sass.is.

@ STYRKIR@SASS.IS

 WWW.SASS.IS

 s. 480-8200



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA